Reykjavík, 7. ágúst 2020
Fundargerð 200. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 7. ágúst var haldinn 200. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri og Þóra K. Ásgeirsdóttir deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra og minnisblað sóttvarnalæknis

Lagt fram með breytingum og viðbót.

Eftirfarandi lagt fram:

- Auglýsing heilbrigðisráðherra nr. 758, dags. 30. júlí 2020.
- Breyting á auglýsingu nr. 758, dags. 3. ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaráðstafanir í íslensku samfélagi og á landamærum, dags. 29. júlí 2020.
- Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis, dags 31. ágúst 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Fjarfundaheimild fyrir ráð og nefndir á neyðarstigi

Formaður almannavarnanefndar fór yfir heimildir í lögum varðandi fjarfundi hjá ráðum og nefndum sveitarfélaganna. Lögin vísa í neyðarástand og að heimildin sé tímabundin. Unnið er að því að tryggja áframhaldandi heimildir og að þetta eigi við á hættustigi.

Afgreiðsla: Unnið í samráði við lögfræðinga sveitarfélaganna.

4. Virkjun samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu

Samstarf sveitarfélaganna hefur verið virkjað á ýmsum sviðum, samráðshópar vegna ýmissa málefna, s.s. skólamála, velferðarmála, upplýsingamála, íþrótta- og menningarmála.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Upplýsingagjöf innan sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Upplýsingum er safnað á sameiginlega heimasíðu, ahs.is. Samráðshópur upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna hefur verið virkjaður. Fundarfólk var minnt á að nota síðuna ahs.is til að nálgast upplýsingar.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Andlitsgrímur – hlífðargrímur

Lögð áhersla á að leiðbeiningar um notkun hlífðargríma komi frá sóttvarnalækni. Til eru almennar leiðbeiningar en verið er að vinna leiðbeiningar fyrir velferðarsvið sveitarfélaganna.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Neyðarstjórnir

Neyðarstjórnir hafa verið virkjaðar, upplýsingum hefur verið komið til þeirra og lagt upp með reglubundna fundi þeirra næstu vikur og mánuði ef á þarf að halda.

Afgreiðsla: Kynning.

8. Ráðstafanir SHS

Farið yfir ráðstafanir SHS vegna sjúkraflutninga og sóttvarnasvæða. Fjölgun starfsstöðva hefur verið undirbúin og var leitað til björgunarsveita með aðstöðu. Um er að ræða aðstöðu fyrir eina til tvær einingar og ákveðnar takmarkanir á umgengni í húsnæðinu, sem eru að vissu leyti íþyngjandi fyrir viðkomandi sveitir.

Afgreiðsla: Samþykkt að styrkja þær sveitir sem hafa lagt til aðstöðu.

9. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:00.

Næsti fundur fyrirhugaður að óbreyttu föstudaginn 17. ágúst kl. 09:30.

Fylgiskjöl:

- Auglýsing heilbrigðisráðherra nr. 758, dags. 30. júlí 2020.
- Breyting á auglýsingu nr. 758, dags. 3. ágúst 2020.
- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaráðstafanir í íslensku samfélagi og á landamærum, dags. 29. júlí 2020.
- Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis, dags 31. ágúst 2020.

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson

Gunnar Einarsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Haraldur Sverrisson

Ásgerður Halldórsdóttir